

AUGLÝSING um deiliskipulag í Múlaþingi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting fyrir Bláargerði 1-7 og 13-15 á Egilsstöðum.
Óveruleg breyting á deiliskipulagi.
Samþykkt í umhverfis- og framkvæmdaráði 22. ágúst 2022.

Deiliskipulagsbreyting fyrir lóðina Borgarland 14 á svæði 2 milli Borgargerðiskambs og Borgarholts á Djúpavogi.
Óveruleg breyting á deiliskipulagi.
Samþykkt í umhverfis- og framkvæmdaráði 21. júní 2022.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Egilsstöðum, 2. september 2022.

Sigurður Jónsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 16. september 2022